



Forsætisráðuneytið
Lækjartorgi
101 Reykjavík

Dalvík, 27. mars 2020

Efni: Uppbygging innviða í samráðsgátt.

Á 939. fundi byggðaráðs Dalvíkurbyggðar þann 26. mars 2020 var tekin fyrir skýrsla átakshóps sex ráðuneyta um úrbætur í innviðum sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda.

Byggðaráð þakkar fyrir þá yfirgripsmiklu vinnu sem átakshópurinn hefur lagt að baki á þeim stutta tíma sem er liðinn frá óveðrinu í desember. Átakshópurinn leggur til fjölmargar aðgerðir til að styrkja innviði landsins enda komu í ljós, í óveðrinu í desember, misbrestir í kerfinu og aðkallandi þörf á úrbótum víða um land.

Byggðaráð tiltekur eftirfarandi atriði í skýrslunni sérstaklega:

LAN-110 – Opinberar áfallatryggingar. Byggðaráð tekur undir nauðsyn þess að yfirfara þurfi skilgreiningar á því hvað fellur undir opinberar áfallatryggingar – Bjargráðasjóður. Mikilvægt að skýra hvernig tjón vegna afurðamissis á kúabúum, gripatjón og tjón á girðingum verði bætt en afar líklegt er, þegar snjóá léttir í vor, að í ljós komi mikið tjón á girðingum í sveitarfélaginu og víðar um landið.

LAN-130 – Neyðarfjarskiptakerfi almennings. Byggðaráð fagnar áætlun um stefnumótun um neyðarfjarskiptakerfi fyrir almenning og viðbragðsaðila. Þarna kom í ljós mikil brotalöm í óveðrinu í desember þar sem sumir íbúa sveitarfélagsins upplifðu fjarskiptaleysi með öllu.

NOE-83 orkukerfi, raforka. Byggðaráð fagnar áætlun um tvöföldun tengingar á milli Dalvíkur og Akureyrar (N-1). 66 kV jarðstrengur samhliða Dalvíkurlínu 1 og stækkun á tengivirkjum í Dalvík og á Rangárvöllum. Áætlað upphaf framkvæmda 2027.

NOE-07 dreifikerfi. Byggðaráð fagnar því að gert sé ráð fyrir jarðstrengjavæðingu Svarfaðardalslínu að austan og að áætlaður framkvæmdatími sé 2020. Þessu verkefni er flýtt vegna tjóns í fárviðrinu í desember og er það þakkarvert.

Byggðaráð gerir alvarlegar athugasemdir við eftirfarandi: Skv. upplýsingum frá RARIK er Svarfaðardalslína að vestan ekki áætluð í jarðstreng fyrr en árið 2021. Byggðaráð átelur að RARIK ætli vesturlínunni í Svarfaðardal annan vetur ofanjarðar. Á þá línu treysta m.a. tvö stór mjólkurbú, eitt kjúklingabú, þéttbýlið í Laugahlíðarhverfi og hesthúsahverfið í Hringsholti. Frá því í desember hefur rafmagn tvisvar dottið út á þessari línu sökum veðurs með tilheyrandi álagi á notendur og stórhættu á tjóni á innviðakerfum bændanna. Það er ekki boðlegt að leggja það á íbúa annan vetur og því ítrekar byggðaráð að vesturlínan verði sett í jarðstreng, strax sumarið 2020.

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar ítrekar þakkir til átakshópsins fyrir góða vinnu.

Virðingarfyllst
F.h. byggðaráðs Dalvíkurbyggðar

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri.
Sveitarstjóri